

## **Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu þriðjudaginn 9.september 2014 og hófst kl 16:05**

**Mætt eru:** Heiðrún Óladóttir, sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Dagrún Þórisdóttir og Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Langanesbyggðar.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

### **1. Erindi frá Kadri Laube tónlistarkennara varðandi tónlistarkennslu í vetur.**

Á síðasta fundi fræðslunefndar, þann 3. sept sl, dreifði Ingveldur bréfi frá Kadri varðandi tónlistarkennslu í vetur þar sem fram kemur m.a. að Kadri biðst undan því að fara til Bakkafjarðar með tónlistarkennslu. Nefndin þakkar Kadri fyrir gott bréf þar sem margt athyglisvert kemur fram varðandi tónlistarskólann og tónlistarkennslu. Rætt um tónlistarkennslu á Bakkafirði og ýmsum möguleikum velt upp. Fræðslunefnd leggur áherslu á að áfram verði boðið upp á tónlistarkennslu á Bakkafirði og felur Ingveldi að útfæra skipulag þeirrar kennslu í samráði við Kadri tónlistarkennara og Skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði.

Fræðslunefnd finnst mikilvægt að lögð sé áhersla á tónfræðikennslu, reglubundið námsmat og stigspróf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17:10